

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

15. fundur

Mánudaginn 29. apríl 2019 kl. 15.30 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Karolína Helga Símonardóttir og Lúðvík Geirsson. Ólafur Ingi Tómasson boaðið forföll.

- 1) Rætt um tímasetningar varðandi lokavinnslu á rammaskipulagi. Ljóst að seinkun verður frá fyrri áætlun. Stefnt er að opnum kynningarfundum í fyrra hluta júní og skipulagið verði formlega tekið til afgreiðslu fyrir lok júní n.k.
- 2) Samráðsnefnd leggur áherslu á að unnið verði vandað og greinargott kynningarefni um væntanlega rammaskiplagstillögu. Lagt til að leitað verði eftir samningi við skipulagshöfunda um að vinna slíka myndræna kynningu þar sem m.a. verði horft til nærliggjandi svæða og fjölbreytts mannlífs á skipulagssvæðinu.
- 3) Kynnt samantekt frá skipulaghöfunum um aukavinnutíma vegna verkþátta sem falla utan samnings. Þessir verkþættir tengjast m.a. stækkun skipulagssvæðis, umferðapáttum og útfærslum varðandi byggingarmagn á einstökum reitum. Skipulagsfulltrúa falið að yfirfara framkomin gögn fyrir næsta fund samráðsnefndar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30
LG ritaði fundargerð